

# WELFARE

## Opið menntaefni

### Námsþáttur 2 : Samfélagslegar áskoranir

#### “Problem tree”





# 1. Bakgrunnur

**Problem tree analysis** mætti þýða sem rótargreiningu. En með henni er gerð tilraun til að kortleggja helstu orsakir og afleiðingar á tiltekna áskorun eða viðfangsefni. Slík greining er mikið notuð í tengslum við hönnunarhugsun til að skilja betur þau vandamál og áskoranir sem við erum að vinna með, sem er forsenda þess að við finnum viðeigandi lausnir og leiðir til að takast á við þær.

Helstu **kostir** þess að nota slíka greiningu til að skoða samfélagslegar áskoranir eru:

- ✓ Að brjóta niður áskorunina í viðráðanlega og skilgreinda hluta, sem hjálpar til við að stilla fókusinn og forgangsraða.
- ✓ Að gera okkur kleift að bera kennsl á orsakir og afleiðingar af áskoruninni.
- ✓ Að gera okkur grein fyrir að einkenni flókins vanda (wicked problems) eru oft óskýr og erfitt er að greina ástæður, afleiðingar og mögulegar lausnir. Þess vegna getur rótargreining eða Problem Tree Analysis aðstoðað við að öðlast dýpri skilning á áskoruninni eða vandamálinu og fá innsýn í hvernig orsakir og afleiðingar eru samtvinnaðar.
- ✓ Að hjálpa við mat á því hvort þörf sé á að afla frekari upplýsinga, gagna eða annarra heimilda til að byggja á í nýsköpunarferlinu.
- ✓ Að aðstoða teymi við að þróa sameiginlegan skilning, innsæi og tilgang gagnvart áskoruninni eða vandamálinu.

# 1. Leiðbeiningar

- ✓ Vinnið æfinguna saman í hópnum
- ✓ Áskorunin sem þú tilgreindir og valdir í námsþætti 2 er skrifuð í miðju formsins. Þetta er stofninn á trénu þínu.
- ✓ Hverjar eru orsakir og afleiðingar áskorunar þinnar. Þetta eru rætur og greinar trésins þíns.
- ✓ Ræðið hverja orsök og afleiðingu fyrir sig.
- ✓ Ræðið orsakir og afleiðingar á sama tíma, svo hægt sé að raða þeim niður.




- ✓ Þegar svipaðar orsakir/afleiðingar eru nefndar skal raða þeim saman og merkja klasana með þema.
- ✓ Samræðan sem skapast í hópnum er **kjarninn í þessari æfingu**. Gefið ykkur góðan tíma til að eiga þessa samræðu því það hjálpar hópnum að byggja upp sameiginlegan skilning og tilgang. Byggir upp samstöðu í hópnum. Þið getið rætt eftirfarandi spurningar:
  - ✓ Á þetta sér stoð í raunveruleikanum?
  - ✓ Eruð þið að horfa á áskorunina útfrá mismunandi víddum (t.d. félags- og efnahagslegum, umhverfislegum, pólitískum ...) og sjónarhornum (t.d. notendum, markhópum ...)?
  - ✓ Hverjar eru beinar og óbeinar orsakir/afleiðingar?
  - ✓ Hvaða orsakir og afleiðingar fara batnandi? Hvaða orsakir og afleiðingar fara versnandi? Hvaða orsakir og afleiðingar eru óbreyttar?
  - ✓ Hverjar eru alvarlegustu orsakir/afleiðingar?
  - ✓ Hvaða orsökum/afleiðingum er auðveldast að bregðast við? Hverjar eru erfiðastar?
  - ✓ Er hægt að umorða orsakir og afleiðingar sem tækifæri?
  - ✓ Hvaða forsendur eru mikilvægar þegar við hugsum fram á við til lausna og leiða?
  - ✓ Hvaða ákvarðanir hafið þið tekið?...
- ✓ **Forgangsraðaðu** hvaða orsakir og afleiðingar þið viljið einbeita ykkur að.
- ✓ Skriðið niður tengdar hugmyndir og atriði sem koma fram í umræðunni – en ekki er hægt að setja inn í tréið eða greininguna – á sérstakt blað. Settu þær upp sem skilmála að „lausnum“, „áhyggjum“ og „vandamálum“ og kynntu fyrir hópnum.



## 2. Formið

### Problem tree formið



Heimild: Mural: Problem tree analysis template



### 3. Heimildir

- ✓ Mural. Problem tree analysis template. Retrieved from <https://www.mural.co/templates/problem-tree-analysis>
- ✓ ODI Toolkit. Planning tools: Problem tree analysis. Retrieved from <https://odi.org/en/publications/planning-tools-problem-tree-analysis/>
- ✓ Wageningen University & Research. Problem tree. Retrieved from <https://mispguide.org/2022/03/18/problem-tree/>



Co-funded by  
the European Union



welfare

6

vefsíða

<https://www.welfareproject.eu/>

